



Nefndasvið Alþingis

B.t. umhverfis- og samgöngunefndar

nefnasvid@althingi.is

Akranesi, 28. október 2018

1807053 SFP/sa

Efni: Samgönguáætlun 2019-2033 og fimm ára samgönguáætlun 2019-2023

Vakin er athygli nefndarmanna umhverfis- og samgöngunefndar á Samgönguáætlun Vesturlands sem unnin var sameiginlega af sveitarfélögnum á Vesturlandi en mikil samstaða hefur náðst meðal sveitarfélaganna um stórar vegaframkvæmdir. Vesturlandsvegur um Kjalarnes, Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga koma þar við sögu og eru í forgangi.

Hér má finna samgönguáætlun Vesturlands <http://ssv.is/utgafur/samgonguaetlun-vesturlands/> og hér má finna myndband um Samgönguáætlun Vesturlands https://www.youtube.com/watch?time_continue=4&v=HjnozkJWBSU.

Meðfylgjandi eru helstu áhersluatriði bæjarstjórnar Akraness:

1. Faxabraut

Í desember 2013 voru undirritaðir samningar um eignarhald Akraneskaupstaðar á stærstum hluta mannvirkja og lóða Sementsverksmiðjunnar. Akraneskaupstaður tók yfir 55 þúsund fermetra lóð og mannvirki sem eru yfir 20 þúsund fermetrar.

Niðurrif mannvirkja á svæðinu er langt komið og í undirbúningi fyrirkomulag á sölu lóða og byggingu íbúða. Fram til þessa hefur allur kostnaður niðurrifs á fyrrum verksmiðju ríkisins lent á Akraneskaupstað. Áður en íbúabyggð rís þarf að efla sjóvarnir og hækka Faxabraut sem er þjóðvegur í þéttbýli. Gróft kostnaðarmat hefur verið unnið í samstarfi við Vegagerðina á nauðsynlegum sjóvörnum. Akraneskaupstaður hefur þegar óskað eftir samstarfi við Vegagerðina við undirbúning og framkvæmdir við eflingu sjóvarna og vegagerð við Faxabraut.



Bæjarstjórn Akraness fer fram á að ríkið greiði framangreindar framkvæmdir og að fjármagn vegna nauðsynlegra sjóvarna og uppbygging Faxabrautar á Akranesi verði sett í fimm ára samgönguáætlun 2019-2023.

2. Öryggi í Hvalfjarðargöngum við skil til ríkisins

Spölur ehf. hefur á síðustu 20 árum staðið afar vel að öryggismálum í Hvalfjarðargöngum og mikilvægt er að ríkið haldi áfram á sömu braut. Umferð um Hvalfjarðargöng hefur þyngst jafnt og þétt á síðustu árum og nú er svo komið að innan fárra missera verður umferðin komin yfir skilgreind 8.000 bíla öryggismörk. Veigamikill þáttur öryggisráðstafana í Hvalfjarðargöngum er að halda úti mannaðri vakt við göngin til að tryggja stuttan viðbragðstíma ef óhöpp verða. Ríkið hefur ákveðið að skera sólarhringsvöktun niður í 16 klst. Vöktun og gildir það fyrirkomulag til áramóta. Akraneskaupstaður telur brýnt að vöktun verði tryggð áfram og helst í því formi sem verið hefur í tíð Spalar.

3. Hættulegt ástand Vesturlandsvegur um Kjalarnes

Bæjarstjórn Akraness, ásamt sveitarstjórnnum á Vesturlandi, hefur á undanförunum árum ítrekað krafist úrbóta á Vesturlandsvegi um Kjalarnes og vill því fagna því sérstaklega að í samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjármunum til þessara mikilvægu framkvæmda með gerð 2+1 vegar um Kjalarnes. Bæjarstjórn Akraness vonar að unnt sé að flýta framkvæmdum en áætlað er að dreifa þeim á tímabilið og mesti framkvæmdaþunginn áætlaður á þriðja árinu.

Mikil vitundarvakning hefur verið á Vesturlandi og meðal íbúa á Kjalarnesi um hættulegt ástand Vesturlandsvegur og hefur öflugur þrýstihópur íbúa verið stofnaður. Hann heldur meðal annars utan um staðreyndir er snerta Vesturlandsveg um Kjalarnes og hversu lítið fjármagn hefur farið í þennan vegkafla á síðustu 10 árum. Sjá:

<https://skessuhorn.is/adsendar-greinar/nu-lidur-ad-hausti-lika-kjalarnesi/>

4. Sundabraut fari á dagskrá ríkis og Reykjavíkurborgar

Samgöngumál til og frá höfuðborginni eru gríðarlegt hagmunamál þeirra sem sækja vinnu, nám og þjónustu til höfuðborgarinnar. Það hefur legið fyrir um langt skeið að núverandi vegtenging að norðan og vestan inn í borgina er algerlega ófullnægjandi og



Akraneskaupstaður

undanfarin 20 ár verið umræða um og unnið að tillögum um lagningu Sundabrautar án þess að málið hafi þokast áfram. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Akraneskaupstaður hafa ritað Reykjavíkurborg bréf þessa efnis og skorað á Samgönguráðherra að leggja lóð á vogaskálar í þessu verkefni. Vegagerðin hefur viljað sjá þetta verkefni verða að veruleika um langa hríð. Akurnesingar lýsa yfir vilja til að aðstoða ráðherra samgöngumála og við Vegagerðina við að veita þessu verkefni framgöngu.

Bæjarstjórn Akraness telur mikilvægt að Alþingi tryggi að áform um lagningu Sundabrautar verði raungerð sem fyrst.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

BÆJARSTJÓRINN
AKRANES

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri